

Skipulagsstofnun  
Sigmar Arnar Steingrímsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. febrúar 2009  
Tilvísun: UST20090200029/bs

### Efnisnáma í landi Sigluvíkur, Svalbarðsstrandarhreppi - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér um að ræða efnistöku á "1,9 ha svæði skammt norðan við Sigluvík og ofan Hringveggar. Fyrirhugað er að vinna um 100.000 m<sup>3</sup> af grjóti úr námunni í tveimur áföngum."


Landmótun við frágang svæðisins miðast við að unnt verði að rækta tún á svæðinu að efnistöku lokinni. Áætlað er að efnistakan muni standa yfir í 5 ár.


Fyrirhugað efnistökusvæði er hvorki á verndarsvæði né innan svæðis á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur að sjónræn áhrif á vinnslutíma verði helstu áhrif þeirra efnistöku sem hér um ræðir. Unnt er að draga verulega úr þeim áhrifum með skipulegri vinnslu eins og ráð er fyrir gert í áætlun um efnistöku.

Gögn framkvæmdaaðila, greinargerð, myndir og snið eru til fyrirmyndar, skýr og greinileg.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða telur Umhverfisstofnun að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt  
  
Björn Stefánsson

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri